

Athugasemdir við þingsályktunartillögu um menntastefnu til ársins 2030

Almennt um drögin

Leikn, samtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi, fagna því að setja skuli stefnu um menntamál til næstu tíu ára. Drögin sem liggja fyrir eru hins vegar orðuð þannig að stór hluti menntakerfisins virðist standa utan stefnunnar því þau snúa nær eingöngu að formlega skólakerfinu og að mestu leyti snýst textinn um formlegt kerfi neðan háskólastigs. Umfjöllun um nám á háskólastigi er rýr, miðað við önnur skólastig, og nær ekkert er fjallað um fimmtu stoð menntakerfisins, framhalds- og fullorðinsfræðsluna. Þannig virðist stefnan ekki ná utan um ævinám sem heild, þ.e. nám frá vöggu til grafar sem getur farið fram bæði innan formlega skólakerfisins sem utan þess hjá fyrirtækjum, stofnunum og félagsamtökum. Það vakna því spurningar um hvernig þessi menntastefna styður við stefnumiðaða starfsþróun og símenntun til að mæta þörfum atvinnulífsins og samfélagslegum breytingum.

Hugtakanotkun og textagerð

Hugtakanotkun og orðalag er af og til villandi og jafnvel illa ígrundað sem leiðir til þess að ekki er skýrt hvort og þá í hverju munur liggur. Dæmi um slíkt eru að bæði er talað um *jöfn tækifæri til náms og jöfn tækifæri til menntunar* sem og *jafngild tækifæri til náms*. Mismunandi notkun hugtakanna *hæfni* og *færni*. Hugtakið *skóli*, m.a. í *skólastjórar*, *skólabragur*, *skólakerfi*, er yfirgnæfandi þótt það nái ekki yfir allar fræðslueiningar menntakerfisins. Handahófskennd upptalning á ýmsum tegundum *læsis* er ruglandi og vekur upp spurningar um hvort eigi að endurspeglu áherslur ráðuneytisins. Þá eru hugtökin *ævinám*, *símenntun* og *endurmenntun* notuð á þann hátt að erfitt er að greina hvort lögð sé mismunandi merking í þau í textanum. Að mati Leiknar er mikilvægt að vinna textann betur m.a. til að koma í veg fyrir misskilning.

Hæfniramma um menntun

Umfjöllun um íslenska hæfnirammann (ISQF) vantar alveg, en ramminn er mikilvægur til að staðsetja nám og hæfni á þrep og nýtist bæði formlega kerfinu og hinu óformlega sem og við samanburð milli landa. Virk notkun hæfnirammans gefur mynd af heildstæðu menntarkerfi og tekur til hæfni sem einstaklingur tileinkar sér með námi alla ævi.

Það eru ákveðin vonbrigði að sjá *stúdentsprófinu* bregða fyrir sem algildu inntökuskilyrði í háskóla (bls. 3). Inngangsviðmið í nám á háskólastigi þurfa vissulega að vera skýr og öllum ljós en að mati Leiknar

ættu öll lokapróf af 3.þrepi hæfnirammans að skapa rétt einstaklings til að sækja um inngöngu í háskóla.

Fagháskólanám

Fagháskólanám, sem nám á mörkum framhalds- og háskóla með atvinnutengd lokamarkmið, virðist skv. textanum vera alfarið á hendi háskólanna. Mikilvægt er að í stefnunni komi fram að þróun og framkvæmd fagháskólanáms geta farið fram á fleiri stöðum en innan háskólastigsins.

Forgangsröðun meginmarkmiða

Í stefnunni eru sett fram fjögur meginmarkmið og snýr hið fyrsta að starfsmönnum í menntakerfinu. Þrátt fyrir ótvírætt mikilvægi þeirra sem eiga að sjá til þess að stefnan nái fram að ganga þá skýtur það skökku við að mannauðstengd atriði eins og nýliðun, starfsumhverfi, starfsþróun, símenntun og starfsánægja, séu fyrsta meginmarkmið menntastefnu. Umfjöllun um starfsmenn á nokkrum stöðum í stefnunni vekja einnig undrun, þannig er t.d. á bls. 2 talað um að stefnumiðuð starfsþróun eigi að stuðla að aukinni starfsánægju en ekkert er minnst á aukna fagmennsku. Neðar á sömu blaðsíðu segir undir kaflanum *Jöfn tækifæri til menntunar* að vinna eigi að því að gera skóla að eftirsóknarverðum vinnustöðum. Ekki er ljóst af samhenginu að dæma hvernig það tengist jöfnun tækifæra til náms.